

## Gróðurhúsatrygging

---

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

## Efnisyfirlit

**Sameiginleg ákvæði 4**

1. gr.	Vátryggingin tekur til:.....	4
2. gr.	Vátryggingarfjárhæð.....	4
3. gr.	Vátryggingarfjárhæðin eftir tjón.....	4
4. gr.	Eigin áhætta.....	4
5. gr.	Hverjir eru vátryggðir?.....	4
6. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar.....	5
7. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu.....	5
8. gr.	Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar.....	6
9. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	6
10. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði.....	6
11. gr.	Brot á varúðarreglum.....	7
12. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun.....	7
13. gr.	Áhættubreyting - Aukin áhætta.....	7
14. gr.	Viðbyggingar og endurbætur.....	7
15. gr.	Undirtrygging.....	7
16. gr.	Tvítrygging.....	7
17. gr.	Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts.....	8
18. gr.	Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns.....	8
19. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning.....	8
20. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni.....	8
21. gr.	Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl. ....	8
22. gr.	Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni.....	9
23. gr.	Vátryggingarstaður.....	9
24. gr.	Endurkröfuréttur.....	9
25. gr.	Ágreiningur.....	9
26. gr.	Varnarþing.....	9

**A Brunatrygging á lausafé og gróðurhúsum 10**

1. gr.	Vátryggingin tekur til:.....	10
2. gr.	Vátryggingin tekur ekki til:.....	10

**B. Innbrotsþjófnaðartrygging á lausafé 10**

1. gr.	Vátryggingin tekur til:.....	10
2. gr.	Innbrotsþjófnaður.....	10
3. gr.	Varúðarreglur.....	10
4. gr.	Skemmdir á gróðurhúsum.....	11
5. gr.	Tilkynning um tjón.....	11

**C. Vatnstjónstrygging á lausafé 11**

1. gr.	Vátryggingin tekur til:.....	11
2. gr.	Leki úr vatnsleiðslum.....	11
3. gr.	Vátryggingin tekur ekki til: .....	11

## **D. Óveðurstrygging á lausafé og gróðurhúsum 11**

1. gr.	Vátryggingin tekur til:.....	11
2. gr.	Vátryggingin tekur ekki til: .....	12

## **E. Rekstrarstöðvunartrygging 12**

1. gr.	Vátryggingin tekur til:.....	12
2. gr.	Vátryggingin tekur ekki til: .....	12
3. gr.	Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.....	12
4. gr.	Varanleg rekstrarstöðvun .....	13

## Sameiginleg ákvæði

Í gróðurhúsatryggingu eru innifaldar eftirtaldar vátryggingar, eftir því sem getið er á vátryggingarskírteininu.

- A **Brunatrygging á lausafé og gróðurhúsum**
- B **Innbrotspjófnaðartrygging á lausafé**
- C **Vatnstjónstrygging á lausafé**
- D **Óveðurstrygging á lausafé og gróðurhúsum**
- E **Rekstrarstöðvunartrygging**

### 1. gr. Vátryggingin tekur til:

- 1.1 Beins tjóns á vátryggðu lausafé og gróðurhúsum í eigu vátryggðs af neðangreindum orsökum, þó með þeim undantekningum, sem greindar eru.
- 1.2 Ef ekki kemur annað fram á vátryggingarskírteininu merkir lausafé það sem hér fer á eftir:  
Vélar, áhöld og tæki tilheyrandi búrekstrinum, fræ, áburð, blóm og plöntur í ræktun, ásamt uppskeru. Til gróðurhúsa teljast byggingar úr gleri, hörðu plasti eða plexigleri á grind úr tré eða málm. Þannig teljast ekki til gróðurhúsa þau hús eða skýli, sem að nokkru eða öllu leyti eru gerð úr plastdúk, þó á húsgrind séu.

### 2. gr. Vátryggingarfjárhæð

- 2.1 Vátryggingarfjárhæð lausafjár skal vera samanlagt verðmæti alls lausafjár sem vátryggingin nær til.
- 2.2 Vátryggingarfjárhæð gróðurhúsa, véla, áhalda og tækja miðast við nývirði, þ.e. þá fjárhæð er þurft hefði til kaupa á hlutum þeim, er eyðilögðust eða skemmdust, með því verði sem síðast var á slíkum hlutum áður en tjónið bar að höndum, án frádráttar vegna aldurs og notkunar, en að frádraginni hæfilegri fjárhæð vegna verðryrnunar sökum minnkaðs notagildis eða annarra atvika.
- 2.3 Vátryggingarfjárhæð blóma og plantna í ræktun skal miðast við markaðsverð eins og það er að ræktunartíma loknum, en bætur miðast við þann kostnað, sem í ræktunina hefur verið lagður á tjónsdegi, sbr. nánar grein 1.3 í skilmálum rekstrarstöðvunartryggingar hér að aftan.
- 2.4 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en segir í gr. 2.2 og 2.3, bætist tjónið aðeins hlutfallslega í samræmi við vátryggingarfjárhæðina eins og hún er og það sem hún átti að vera.
- 2.5 Félagið getur bætt tjónið með greiðslu umsaminna bóta, með greiðslu kostnaðar vegna fullnægjandi viðgerðar eða með því að afhenda tjónþola samsvarandi muni og þá, sem tjón varð á. Þegar þannig stendur á verða skemmdir munir eign félagsins þegar bótagreiðsla hefur verið innt af hendi.
- 2.6 Félaginu er aldrei skylt að greiða hærri bætur en nægja til að bæta tjón það sem orðið hefur.

### 3. gr. Vátryggingarfjárhæðin eftir tjón

- 3.1 Eftir að tjón hefur verið bætt, lækkar vátryggingarfjárhæðin um það sem bótunum nam, frá tjónsdegi og til loka vátryggingartímabilsins. Félagið hefur þó rétt til að hækka vátryggingarfjárhæðina strax í sömu krónutölu og áður var, enda greiði vátryggingartaki hlutfallslegt viðbótariðgjald.

### 4. gr. Eigin áhætta

- 4.1 Í hverjum bótaskyldum tjónsatburði ber vátryggður 10% eigin áhættu, lágmark kr. 100.000, hámark kr. 700.000, sem breytist eftir vísitölu neysluverðs.

### 5. gr. Hverjir eru vátryggðir?

- 5.1 Vátryggingin er til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda hins vátryggða. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.

## 6. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

### Gildistími – Endurnýjun – Réttur til uppsagnar

#### Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

#### Endurnýjun og uppsögn

Váttrygging, sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðamót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun váttryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt váttryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur váttryggingartaki aðeins sagt váttryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.

Ef félagið hyggst ekki framlengja váttrygginguna skal tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda. Félagið getur gert breytingar á váttryggingarskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send.

#### Réttur félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni:

1. Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
2. Ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingasamningum sínum við váttryggðan.
3. Ef váttryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. eða 120. gr. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingasamningum sínum við váttryggðan.
4. Eftir að tjón hefur orðið, ef
  - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningu;
  - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
  - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
5. Ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
  - a. Félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar.
  - b. Það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
6. Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
7. Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

## 7. gr. Iðgjaldið – Gjald dags – Vanskil – Uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin niður þegar í stað, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004. Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu iðgjaldsins, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé andvirði hins váttryggða greitt út við altjón og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds.

## 8. gr. Váttryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar

- 8.1 Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu sem getið er um í váttryggingarskírteininu og fjárhæðir sem nefndar eru í skilmálum þessum fylgja þróun verðlags í landinu og breytast mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá upphafsdegi váttryggingartímabilsins svo sem hér segir:
- 8.2 Fjárhæðir sem tilgreindar eru í skilmálum þessum miðast við vísitölu neysluverðs þegar hún var 177,8 stig þann 1. janúar 1997.
- 8.3 Verði hætt að birta framangreinda vísitölu getur félagið miðað breytingar við aðra samsvarandi opinbera vísitölu.
- 8.4 Fjárhæð iðgjalds váttryggingarinnar breytist með sama hætti í samræmi við váttryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.
- 8.5 Tjón bætast í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu.
- 8.6 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

## 9. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 9.1 Upplýsingar um áhættuna  
Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingarburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.  
Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.
- 9.2 Upplýsingar við uppgjör bóta  
Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingarburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. grein 6.3 í skilmálum þessum.

## 10. gr. Váttryggður veldur váttryggingarburði

- 10.1 Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

#### 10.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

### 11. gr. Brot á varúðarreglum

11.1 Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

11.2 Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

### 12. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun

12.1 Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

### 13. gr. Áhættubreyting - Aukin áhætta

13.1 Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem ef:

- starfsemi hans eða váttryggt lausafé er flutt á annan stað en getið er á váttryggingarskírteininu;
- aðrar breytingar (t.d. varðandi gerð eða notkun váttryggðra eigna) sem auka hættu á tjóni verða á starfsemi hans eða öðru er váttryggingin tekur til;
- keypt er önnur váttrygging sem tekur til sömu áhættu;
- eigendaskipti verða, þ.á.m. ef rekstrarform breytist.

13.2 Félagið áskilur sér rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. grein 6.3 í skilmálum þessum, eða breyta váttryggingarkjörum ef einhverjar af fyrrgreindum breytingum verða.

13.3 Falli váttryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

13.4 Láti váttryggður hjá líða að tilkynna félaginu um breytingu skv. framansögðu, getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

### 14. gr. Viðbyggingar og endurbætur

14.1 Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu tafarlaust um viðbyggingu, endurbætur eða aðra verulega verðaukningu váttryggðrar eignar. Vanræksla þessarar skyldu varðar bótalækkun samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

### 15. gr. Undirtrygging

15.1 Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna váttryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins váttryggða.

### 16. gr. Tvítrygging

16.1 Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

- 16.2 Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkafið önnur félög hlutfallslega.

## 17. gr. Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts

- 17.1 Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

## 18. gr. Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns

- 18.1 Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann veit, eða mætti vita um skaðabótakröfu, sem ætla má að váttryggingin taki til, verði gerð á hendur honum.
- 18.2 Ef váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því.
- 18.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 18.4 Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur varðað lækkun eða missi bóta.
- 18.5 Bæði váttryggður og félagið hafa rétt til þess að óvilhallir matsmenn séu tilkvaddir til þess að ákvarða umfang tjónsins og ákveða upphæð váttryggingarbóta, og velur hvor aðili sinn matsmann. Matsmennirnir tveir velja sér oddamann sameiginlega áður en matið hefst. Sé um ágreining að ræða milli matsmanna, sker atkvæði oddamanns úr um ágreiningsatriði þeirra. Komi matsmenn sér ekki saman um val oddamanns skal hann dómkvaddur. Matsmenn meta og reikna út tjónið, samkvæmt ákvæðum váttryggingarskilmálanna og váttryggingarskírteinisins, m.a. með tilliti til hugsanlegrar váttryggingar undir verði. Matsmenn skulu gera skriflega skýrslu um starf sitt, þar sem fram komi sundurliðað mat og útreikningur á fjárhæð tjónsins. Hvor aðili greiðir sínum matsmanni fyrir matið, en kostnaður vegna oddamanns skiptist jafnt milli aðila.

## 19. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

- 19.1 Váttryggður glatar rétti til bóta ef:
1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
  2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.
- Krafa váttryggðs um bætur fyrnist samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

## 20. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

- 20.1 Þegar váttryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal váttryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 21. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

- 21.1 Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppboti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.
- 21.2 Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:
1. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
  2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;



3. hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.
- 21.3 Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.
- Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórnmalalegum eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.
- Mengun merkir hér spillingu, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.
- 21.4 Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara nema annars sé sérstaklega getið.

## 22. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

- 22.1 Eignatjón sem vátryggt er gegn samkvæmt vátryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir.
- 22.2 Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.
- 22.3 Þar af leiðandi eru undanskilin í vátryggingu þessari:
- Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökud eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.
  - Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

## 23. gr. Vátryggingarstaður

- 23.1 Sé annars ekki getið, tekur vátryggingin aðeins til tjóns er verður á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteininu.

## 24. gr. Endurkröfuréttur

- 24.1 Eigi vátryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Vátryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

## 25. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 26. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## A Brunatrygging á lausafé og gróðurhúsum

### 1. gr. Váttryggingin tekur til:

- 1.1 Brunatjóns á hinu váttryggða lausafé og gróðurhúsum.
- 1.2 Með bruna er átt við eldsvoða, þ.e. lausan eld sem myndar loga og getur breiðst út sjálfkrafa.

### 2. gr. Váttryggingin tekur ekki til:

- 2.1 Tjóns sem ekki verður talið eldsvoði, t.d. þegar hlutur sviðnar, ofhitnar eða bráðnar.
- 2.2 Brunaskemmda sem hljótast af því að hlut er af ásettu ráði stofnað í hættu af eldi eða hita við upphitun, þurrkun, suðu, bræðslu eða af öðru þess háttar.
- 2.3 Skemmda á raftækjum eða rafeindatækjum af skammhlaupi eða öðrum hreinum rafmagnsfyrirbærum, nema atvikið valdi eldsvoða eða sé bein afleiðing eldsvoða.
- 2.4 Brunatjóns sem fellur undir lögboðna brunatryggingu fasteignar.
- 2.5 Rekstartaps eða annars óbeins tjóns.
- 2.6 Skipa, báta, lofffara eða skráningar skyldra vélknúinna ökutækja annarra en dráttarvéla.
- 2.7 Lausafjár í eigu annarra, nema það komi sérstaklega fram á váttryggingarbeiðni og það sé váttryggt sérstaklega.

## B. Innbrotspjófnaðartrygging á lausafé

### 1. gr. Váttryggingin tekur til:

- 1.1 Tjóns er verður vegna þess að váttryggt lausafé glatast eða skemmist af neðangreindum orsökum, þó með þeim undantekningum sem greindar eru.

### 2. gr. Innbrotspjófnaður

- 2.1 Það telst innbrot ef þjófur hefur:
  - komist inn í hús eða læst herbergi með því að opna dyr með stolnum lykli eða með öðrum afbrigðilegum ráðum.
  - farið inn um op sem ekki er ætlað til inngöngu.
- 2.2 Ábyrgð félagsins er bundin því skilyrði að dyr og inngönguop séu læst og gluggar kræktir.
- 2.3 Váttryggingin tekur til lausafjár sem geymt er innanhúss. Bætur greiðast ekki fyrir hluti sem geymdir eru í opnum skemmum eða skýlum, húsum í smíðum né gróðurhúsum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h.
- 2.4 Váttryggingin tekur einnig til þess er skemmdarverk eru unnin á váttryggðum hlutum, sem geymdir eru í læstu húsnæði. Skilyrði bótagreiðslu er að skemmdarverkið hafi verið unnið í tengslum við innbrot.

### 3. gr. Varúðarreglur

- 3.1 Það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að af hálfu váttryggðs hafi verið gætt fyrir mæla þeirra sem kann að vera getið í váttryggingarsamningnum varðandi frágang húsnæðis, þjófvarnir o.þ.h.
- 3.2 Dyr, gluggar og önnur op inn á váttryggingarstað skulu vera tryggilega læst og lykjar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

#### 4. gr. Skemmdir á gróðurhúsum

- 4.1 Vátryggingin tekur til skemmda á gróðurhúsum af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots. Bætur eru takmarkaðar við 10% af vátryggingarfjárhæð gróðurhúss þess er fyrir tjóni varð.
- 4.2 Vátryggingin tekur ekki til glertjóns, nema þess sé sérstaklega getið á vátryggingarskírteininu.

#### 5. gr. Tilkynning um tjón

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins þegar um er að ræða innbrotsþjófnað, að félaginu og lögreglu sé tilkynnt tafarlaust um atburðinn.

### C. Vatnstjónstrygging á lausafé

#### 1. gr. Vátryggingin tekur til:

- 1.1 Beins tjóns á vátryggðu lausafé af neðangreindum orsökum, þó með þeim undantekningum sem greindar eru.

#### 2. gr. Leki úr vatnsleiðslum

- 2.1 Félagið bætir skemmdir af völdum þess að vatn streymir skyndilega og óvænt úr vatns- og hitalögnum vegna skyndilegra bilana í þeim. Einnig bætir tryggingin tjón á vátryggðri ræktun, sem verður vegna þess að hitastig fer úr skorðum vegna bilunar á tækniþúnaði, rafmagnsbilana, bilana á hitakerfum og vatnsleiðslum.
- 2.2 Greiðsluskylda félagsins er því skilyrði háð að vátryggður og menn hans gæti eftirfarandi varúðarreglna:
  - að í úpphитуðu gróðurhúsi sé lokað fyrir vatnsaðstreymi og vatnslagnir tæmdar, ásamt viðtengdum tækjum, þegar hætta er á frosti.
  - að ekki sé lokað fyrir heitavatnskerfi í frosti, þannig að hætta sé á að vatn frjósi í því.
  - að einungis iðnlærðir menn sjái um að þíða vatn í lögnum sem frosið hefur í.

#### 3. gr. Vátryggingin tekur ekki til:

- 3.1 Skemmda er hjótast af langvarandi raka eða vatnsleka.
- 3.2 Skemmda af völdum vatns frá svölum, úr þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- 3.3 Skemmda af völdum grunnvatns eða skolps (sbr. þó gr. 2.1).
- 3.4 Skemmda er hjótast vegna byggingarvinnu eða viðgerða.
- 3.5 Skemmda á blómum og plöntum í ræktun, sem verða við það að vatn skortir til að viðhalda eðlilegum raka eða hita í gróðurhúsinu, nema þær skemmdir leiði af tjóni sem bótaskyld er samkvæmt vátryggingarskírteini þessu.

### D. Óveðurstrygging á lausafé og gróðurhúsum

#### 1. gr. Vátryggingin tekur til:

- 1.1 Tjóns á hinu vátryggða, sem verður af völdum óveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg eða fellir hús, sem vátryggt er. Með óveðri er átt við ofsaveður, þ.e. ef vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu og hefur varað í að minnsta kosti 10 mínútur samfleytt, skv. mælingu Veðurstofu Íslands. Séu ekki áánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað, þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs, þegar tjónsatburðurinn átti sér stað. Bætur greiðast fyrir þær skemmdir sem beinlínis stafa af þessum orsökum, þ.á.m. þegar úrkoma veldur skemmdum í kjölfar ofsaroks.
- 1.2 Vátryggingin nær einnig til tjóns af völdum skyndilegra snjópýngsla, sem verður þrátt fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir vátryggðs og verður á vátryggingartímanum.

**2. gr. Vátryggingin tekur ekki til:**

- 2.1 FrostsKemmda á gróðurhúsum eða því sem í þeim er, nema þær skemmdir séu afleiðing bótaskylds tjóns.
- 2.2 Tjóns sem leiðir af ófullnægjandi viðhaldi gróðurhúss. Ef ófullnægjandi viðhald er talið eiga þátt í orsökum tjónsins, lækka bætur hlutfallslega.
- 2.3 Óbeins tjóns, svo sem lækkun á ágóða, tjóns vegna rekstrarstöðvunar, minnkaðra sölu-möguleika og annars þess háttar.
- 2.4 Óveðurstjóns á lausafé, sem er úti, í húsum eða skýlum sem ekki teljast til gróðurhúsa.

**E. Rekstrarstöðvunartrygging****1. gr. Vátryggingin tekur til:**

- 1.1 Tjóns er vátryggður verður fyrir vegna samdráttar í vörusölu eða þjónustu af völdum atburðar, er bruna-, vatns-, innbrots- eða óveðurstrygging nær til. Greiðsluskylda félagsins takmarkast þó við rekstartjón, sem verður með þessum hætti, á allt að næstu 12 mánuðum eftir vátryggingaratburðinn.
- 1.2 Auk þess tekur vátryggingin til nauðsynlegs aukakostnaðar sem vátryggður varð fyrir á sama 12 mánaða tímabili, beinlínis vegna þess að gróðurhúsin urðu ónothæf vegna tjónsatburðar, sem bættur er með gróðurhúsatryggingunni. Slíkur aukakostnaður er háður samþykki félagsins hverju sinni, bæði að því er varðar fjárhæð og eðli útgjalda.
- 1.3 Að því er varðar plöntur og blóm í ræktun, sem á vátryggingarstaðnum voru þegar tjón varð og sem bætt er með greiðslu úr bruna- eða óveðurstryggingu á gróðurhúsum, bætur vátrygging þessi ennfremur þann mismun sem varð á tjónabótum og væntanlegu söluverði á almennum markaði eftir fullan vaxtartíma, þegar tekið hefur verið tillit til hagræðis vegna greiðslu bóta út í hönd, svo og eðlilegra affalla og verslunaráhættu.

**2. gr. Vátryggingin tekur ekki til:**

- 2.1 Aukins rekstartjóns vegna verkfalls, verkbanns, vélarbilunar eða þess að töf verður á því að hefja reksturinn aftur sökum endurbóta, stækkunar fyrirmæla hins opinbera eða þess háttar.

**3. gr. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns**

- 3.1 Félagið bætir þann mismun, sem verður á næstu 12 mánuðum eftir vátryggingaratburð, á eftirfarandi:
- 3.2 Áætlaðri veltu að frádreginni áætlaðri notkun:- aðkeyþra verslunarvara til endursölu- hráefna og hálfunninna vara.
- 3.3 Raunverulegri veltu, að frádreginni raunverulegri notkun vara, sem taldar eru í gr. 3.2.
- 3.4 Með veltu er átt við bókfærða sölu án virðisaukaskatts að frádregnum veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum.
- 3.5 Frá bótafjárhæð, er fundin hefur verið eftir reglunum í gr. 3.1-3.2, dregst sá kostnaður sem vátryggður getur sparað sér, þ.á.m. laun er hann kemst hjá því að greiða með því að segja upp starfsmönnum, en við bótafjárhæðina bætist hæfilegur kostnaður, sem stofnað er til í samráði við félagið samkvæmt gr. 1.2.
- 3.6 Hámark bótaskyldu félagsins takmarkast við þá vátryggingarfjárhæð, sem tilgreind er fyrir rekstrarstöðvunartjón á vátrygg-ingarskírteininu. Vátryggður á aldrei rétt á hærri bótum en með þarf til þess að bæta tjón það, sem hann hefur orðið fyrir og vátryggingin nær til.
- 3.7 Vátryggðum er skylt að hafa samvinnu við félagið um ráðstafanir til að koma í veg fyrir rekstartap, eða draga úr því.
- 3.8 Sé vátryggt undir verði (undirtryggt), lækka bætur fyrir rekstrarstöðvun í sama hlutfalli.

## 4. gr. Varanleg rekstrarstöðvun

- 4.1 Hefjist atvinnurekstur váttryggðs ekki aftur eftir váttryggingaratburð, miðast bótafjárhæð við þann tíma (allt að 12 mánuði) sem eðlilegt má telja að liðið hefði, þar til reksturinn gæti hafist aftur.
- 4.2 Af þeirri fjárhæð sem þannig er fundin, greiðist einungis sá hluti, er telja má til óhjákvæmilegs kostnaðar sem váttryggður getur sýnt fram á, að hann hefði lagt í.
- 4.3 Hafi reksturinn stöðvast af orsökum sem váttryggður ræður ekki við, greiðast bætur án tillits til ákvæða í gr. 4.2.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. júlí 2015.

[Efst á skjal](#)